



Fundargerð

21. fundur menningar- og atvinnuráðs Reykjaneshæjar,
fjarfundur haldinn 19. maí 2021, kl. 08:30

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Arnar Páll Guðmundsson, Eydís Hentze Pétursdóttir, Baldur Þórir Guðmundsson, Trausti Arngrímsson, Þórdís Ósk Helgadóttir forstöðumaður Súlunnar verkefnastofu og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

* * *

1. Atvinnumál (2021010176)

Sigurgestur Guðlaugsson verkefnastjóri atvinnu- og viðskiptaþróunar mætti á fundinn og fór yfir atvinnumál.

Vinna við atvinnuáttak er í fullum gangi. Ráðningar eru hafnar í gegnum átakið sumarstörf fyrir námsmenn og er útlit fyrir að hægt verði að bjóða öllum ungmönnum og námsmönnum sem sækja um hjá Reykjaneshæ störf í sumar. Þá er vinna við sköpun starfa í gegnum úrræðið Hefjum störf í fullum gangi og er nú þegar unnið að því að ráða í á fjórða tug starfa á vegum sveitarfélagsins. Sú tala kemur til með að hækka þegar líður á árið og er vonast til þess að geta boðið stórum hluta þeirra sem heyra undir úrræðið störf hjá sveitarfélaginu.

2. Atvinnuleysistöflur (2021010175)

Sigurgestur Guðlaugsson verkefnastjóri atvinnu- og viðskiptaþróunar mætti á fundinn og fór yfir atvinnuleysistöflur.

Atvinnuleysi heldur áfram að lækka. Minnkaði um 1% á milli mánaða og hefur því minnkað um 2,6% frá áramótum. Fjöldi atvinnuleitenda á skrá Vinnumálastofnunar um mánaðarmótin var 2.480 og hafði fækkað um 115 á milli mánaða.

3. Framtíðarsýn Duus safnahúsa (2021050281)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi mætti á fundinn. Drög að framtíðarsýn Duus safnahúsa lögð fram til umsagnar. Ráðið lýsir yfir ánægju sinni á metnaðarfullri framtíðarsýn. Tekið verður tillit til umsagnar og lögð til samþykktar á næsta fundi menningar- og atvinnuráðs.



4. Framkvæmdir í Duus safnahúsum (2021050282)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi kynnti fyrsta áfanga í framkvæmdaáætlun í tengslum við framtíðarsýn Duus Safnahúsa. Ráðið styður áætlunina og vísar henni til bæjarstjórnar til umfjöllunar og samþykktar. Ráðið leggur áherslu á að fyrsti áfangi framkvæmdaáætlunar Duus safnahúsa fari sem fyrst í framkvæmd í ljósi þeirra áherslna og verkefna sem fylgja sem gætu borið kostnað á seinkun þeirra.

- Lyfta í Duus húsum
- Nýtt anddyri í Duus safnahúsum

5. Hátíðardagskrá 17. júní 2021 (2021050278)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi mætti á fundinn og kynnti viðfangsefni og drög að dagskrá 17. júní, í ljósi samkomutakmarkana.

6. Sjómannadagurinn – dagskrá (2021050279)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi mætti á fundinn og fór yfir drög að dagskrá Sjómannadagsins. Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur með dagskrá í Duus Safnahúsum, menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Dagskráin er unnin í samstarfi nokkurra aðila og hefst með sjómannamessu, sem haldin er til skiptis á vegum Keflavíkurkirkju og Njarðvíkurkirkju, og í ár er hún haldin á vegum Keflavíkurkirkju. Eftir messuna verður kynning Byggðasafns Reykjanesbæjar á nýrri safnsins „Fast þeir sóttu sjóinn – Bátasafn Gríms Karlssonar“ í tilefni dagsins. Í lok dagskrár er lagður krans við minnismerki sjómanna við Hafnargötu fyrir tilstilli Vísis, félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Vélstjórafélags Suðurnesja og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

Ráðið samþykkir dagskrána.

7. Markaðsmál (2021020545)

Gunnar Víðir Prastarson verkefnastjóri markaðsmála mætti á fundinn. Menningar- og atvinnuráð telur mikilvægt að halda áfram þeirri markaðssetningu sem lagt var af stað með á síðasta ári og byggja ofan á hana. Mælanlegur árangur staðfestir að markaðsherferðin vekur athygli og fær fólk til að heimsækja Reykjanesbæ. Nýlegar kannanir sýna að langflestir Íslendingar ætla aftur að ferðast innanlands í sumar og það þurfum við að nýta okkur.

Ráðið vísar erindinu áfram til bæjarráðs til afgreiðslu.

8. Mælaborð Súlunnar - verkefnastofu (2021030231)

Mælaborða Súlunnar lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09.50.